Nr. 65 5. febrúar 2007

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 1131, 29. desember 2006, um veiðar íslenskra skipa á Norðuríshafsþorski 2007, skv. samningi milli Íslands, Noregs og Rússlands.**

1. gr.

1. mgr. 4. gr. orðist svo: Innan efnahagslögsögu Noregs, norðan við 62°00´N og utan 12 sjómílna frá grunnlínum, er íslenskum skipum heimilt að veiða alls 3.791 tonn af óslægðum þorski, auk 1.138 tonna aukaafla af öðrum tegundum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. febrúar 2007.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Steinar Ingi Matthíasson.*

B-deild – Útgáfud.: 5. febrúar 2007